

Um leið og yður er þjónustusamlega tjáð það, er að framan greinir, til þóknan- **115**
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstafana, skal eigi látið undan falla að bæta **5. sept.**
því við, með því að úttektirnar hafa eigi gefið ástæðu til að fara fram á meira gagnvart
Klentz timburmeistara, er búið að greiða honum það, sem hann átti eptir inni óborgað,
og er mál þetta þann veg á enda kljád.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fimleikakennsluna* **116**
í hinum lærða skóla. — Út af lausn Steenbergs, er hingað til hefir verið kenn- **6. sept.**
ari í leikfimi við lærða skólann í Reykjavík, og burtför hans frá Íslandi, hafið þjer, herra
landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi 9. f. m. skotið því til mín, hvernig fara eigi með
leikfimiskennsluna eptirleiðis, og bendið þjer á, að hjer sje um tvennt að velja annaðhvort
að setja íslenzkan stúdent, Ólaf Rósinkranz að nafni, kennara í leikfimi til bráðabirgða
skólaár það, er í hönd fer, eða að auglýsa, að sýslan þessi sje laus, ef kostur mætti verða
á að fá danskan leikfimiskennara til að taka hana að sjer.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráð-
stafanar, að þar eð nú er orðið svo áliðið, að sýslanin getur eigi orðið veitt fyrir fullt og
allt fyrir skólaár það, er í hönd fer, verður að álíta rjettast að setja framangreindan Ólaf
stúdent Rósinkranz til að gegna henni til bráðabirgða.

Um leið og þjer eruð þjónustusamlega beðnir, herra landshöfðingi, að gjöra það
sem við þarf í þessu efni, vonast ráðgjafinn eptir að fá á sínum tíma frá yður tillögur
yðar um veitingu á sýslaninni fyrir fullt og allt, svo tímanlega, að hún verði veitt að
minnsta kosti áður en skólaárið 1878—79 byrjar, og skyldu tillögur yðar verða þess efnis,
að auglýsa skyldi hjer, að sýslanin sje laus, verður ráðgjafinn einnig að biðja yður að
skýra sjer frá, hvort eiga megi von á, að sendiferðir fyrir landsyfirrjettinn og umsjónar-
mennskan við prestaskólann verði sameinaðar leikfimiskennarastöðunni.

— *Brjef landshöfðingja til prófasts sira Eiríks Briems um styrk til að gefa* **117**
út ritgjörð um kvennbúning. — Með þessu brjefi var veittur 200 kr. styrkur **17. sept.**
til þess að gefa út ritgjörð með 37 uppráttum eptir Sigurð heitinn málara Guðmunds-
son, um tilbúning hins forna íslenzka kvennbúnings. Í beiðni sinni um þenna styrk tekur pró-
fasturinn fram, að hinn sjerstaki þjóðbúningur, sem tíðkast hjá kvennfólkinu hjer á landi,
sje bæði kostnaðarminni en hinn útlendi búningur, og nauðsynlegur, þar sem fólki víðast
hvar hjer á landi sje ómögulegt að fylgja þeim breytingum, er útlendi kvennbúningurinn
tekur, og að þar að auki hinn innlendi búningur hafi talsverð menntandi áhrif vegna
þeirra hannyrða, er honum eru samfara, og sem hafa fengið þá þýðingu í meðvitund
manna, að það «að sauma sjer búning» skoðist sem nokkurs konar skóla-kursus.

SKIPUN EMBÆTTISMANNA OG LAUSN.

Hinn 26. dag júnímán. var prófastur sira Jón Jónsson á Mosfelli settur til fyrst um
sinn að þjóna með embætti sínu Miðdalssókn í Árnessprófastsdæmi.

28. s. m. var settum lækni Antón Tegner samkvæmt beiðni hans veitt lausn frá
hjeraðslæknisstörfum í Árnessýslu, og lækna skólakennari Tómas Hallgrímsson settur til um
stundarsakir að gegna þessu embætti.

S. d. var yfirdómari R. af D. Jón Pjetursson settur forstjóri yfirdómsins, yfirdómari